

Þúsund og ein nótt



Sögusafn

 SAGA
EGMONT

Þúsund og ein nótt



Sögusafn

 SAGA
EGMONT

Ýmsir

Þúsund og ein nótt
Sögusafn

SAGA Egmont

Þúsund og ein nótt: Sögusafn

Translated by Steingrímur Thorsteinsson

Original title: *أَلْفُ لَيْلَةٍ وَوَيْلَةٌ*

Original language: Arabic

Persónurnar og notkun á tungumáli í verkinu endurspeгла ekki skoðanir útgefandans. Verkið er gefið út sem sögulegt skjal sem inniheldur lýsingar á tíðaranda og skynjun manna sem tíðkaðist á tímum skrifanna.

Cover image: Shutterstock

Copyright © 900, 2021 SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726592542

1st ebook edition

Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

This work is republished as a historical document. It contains contemporary use of language.

www.sagaegmont.com

Saga Egmont - a part of Egmont, www.egmont.com

Þúsund og ein nótt/Inngangur

Í nafni guðs hins miskunnsama, líknarfulla. Dýrð sje guði konunginum, gjafaranum góðra hluta, skapara heimsins, sem uppreist hefur himininn án stoða og breitt út jörðina sem ábreiðu. Friður og blessun sé með heilsuboðanum, vorum drottni og herra Mahómet og þeim, sem hans eru; blessun og friður æ og ævinlega, allt til efsta dags.

Að svo fyrimæltu víkjum vér til efnisins. Ævi fyrri kynslóða er fróðleg fyrir seinni menn og ber mannum að taka eftir forlögum annarra og hafa sér til eftirdæmis eða viðvörunar. Skal hann hyggja að sögu hinna fyrri þjóða og því, sem drifið hefur á daga þeirra, og vera af hjarta lítillátur. Lofaður sé algjörleiki þess, sem svo hefur stýrt sögu fyrri tíða og manna, að hún er orðin hinum seinni til fróðleiks. Þess konar eru líka frásagnirnar og hin kynlegu ævintýri í Þúsund og einni nótt.

Það er segin saga - en einn guð er alvitur, alvís, almáttugur og algóður - að einu sinni hafi í fyrndinni verið konungur yfir Indlandi og Kína; hafði hann fjölda hermanna og varðmanna, þegna og þjóna. Þótti hann umfram alla konunga á sinni öld, og var af ætt Sassaníða, þeirra er í fornöld réðu yfir Persíu; hann átti tvo sonu, var annar fullorðinn en hinn unglíngur. Voru báðir kóngssynir riddaralegir, og þó einkum hinn eldri, er Sjarjar hét og erfa átti ríki að konungi liðnum. Hann stýrði ríki sínu svo réttvíslega, að allir þegnar hans unnu honum hugástum. Yngri bróðirinn Sjasenan átti ekkert tilkall til nokkurs hluta af ríkinu, eftir því sem lög voru til, og varð hann því að vera metorðalaus. Lék honum samt engin öfund á láni bróður

síns, og reyndi hann á allar lundir að vera honum að skapi. Varð Sjarjar honum enn vinveittari fyrir þetta, því honum hafði jafnan verið hlýtt til bróður síns, svo að hann lét af hendi við hann konungsríkið Samarkand, og fór Sjasenan þangað óðara.

Báðir bræðurnir stýrðu nú löndum í rúm tíu ár, vel og réttvíslega, þegnum sínum til heilla og hamingju. Þá varð hinum eldra hugur á að finna bróður sinn. Ráðgaðist hann því jafnskjótt um þetta við stórvezír sinn, eða æðsta ráðgjafa, og bauð honum því næst að búast til ferðar til Samarkand. Lét hann velja til dýrustu gjafir, ágæta hesta með gullbúin reiðtygi, alsett gimsteinum, egipzka riddara, fríðar ambáttir og kostuleg klæði og skrifaði bróður sínum til, hversu mjög hann þráði hans fund. Innsiglaði hann bréfið og fékk vezírnum ásamt gjöfunum og lagði ríkt á við hann að flýta sér, bæði á þangaðferðinni og heimleiðinni.

Vezírinn svaraði: „Ég heyri og hlýði,“ bjó sig síðan til ferða og varð tilbúinn á þriðja degi. En á fjórða degi tók hann orlof af Sjarjar og lagði með fjölmenna sveit út á öræfi og óbyggðir. Fór hann dagfari og náttfari, og er hann kom í námunda við aðsetursstað eins af undirkonungum Sjarjars, þá kom hann til móts við vezírinn með dýrindis gjafir í gulli og silfri og hélt honum veizlu í þrjá daga, svo að uppfylltist boðorð spámannsins. Á fjórða degi fylgdi hann vezírnum eina dagleið og skildu þeir að svo búnu. Fór vezírinn leiðar sinnar unz hann kom í grennd við Samarkand; gerði hann þá boð á undan sér, til þess að láta Sjasenan vita um komu sína. Reið sendimaður inn í borgina og lét vísa sér á höll konungsins, og er hann náði hans fundi, kyssti hann jörðina frammi fyrir fótum hans og sagði að vezír bróður hans væri á leiðinni og farinn að nálgast.

Bauð þá Sjasenan óðara æðstu hirðmönnum og stórhöfðingjum ríkisins að fara eina dagleið til móts við hann. Þeir gerðu svo, og er þeir fundu vezírinn, heilsuðu

þeir honum og gengu með ístöðum hans alla leið til borgarinnar. Gekk vezírin þar fyrir konung, heilsaði honum og beiddi honum guðs hjálpræðis og kyssti jörðina frammi fyrir fótum hans og sagði honum, að bróðir hans beiddi hann að finna sig. Rétti hann honum þá sjálft bréfið, en konungur tók við því og las, og svaraði því, að hann væri fús að taka boði bróður síns.

„En ekki fer ég fyrr,“ þessum orðum mælti hann til vezírsins, „en þú hefur gist mig í þrjá daga.“

Vísaði hann honum þá á höll eina til íbúðar, gaf öllum vín og vistir og veitti stórmannlega. Liðu svo þrír dagar, en á fjórða degi fór konungur að búa sig til ferðar og aflaði góðra gjafa, hæfandi tign bróður hans. En er konungur var tilbúinn, sendi hann tjöld sín, múlasna og úlfalda á undan sér út úr borginni, fól vezír sínum ríkisstjórnina á hendur í fjarveru sinni; lagði hann svo af stað frá aðsetursborg sinni.

En um miðnætti hugkvæmdist honum, að sér hefði legizt nokkuð eftir í höllinni, sem hann þurfti að gera; sneri hann því aftur um hæl til hallarinnar og flýtti sér. Fór hann þangað einn og læddist sem hljóðlegast um herbergi sín, og er hann kom að rekkju sinni, sá hann að drottningin, sem hann unni hugástum, og svartur þræll lágu þar saman í fasta svefni.

Honum sortnaði fyrir augum við sjón þessa. Hann stóð grafkyrr allra snöggvast og starði á þetta, eins og hann tryði ekki sínum eigin augum. En er hann var genginn úr skugga um það, segir hann við sjálfan sig: „Varla hef ég snúið bakinu við höll minni, og meðan ég enn er undir múrum Samarkands, dirfast menn að svívirða mig svona! Upp á hverju ætli þessi kvenskratti taki, þegar ég er kominn til bróður míns? En ekki skal glæpur þinn óhegndur vera, flagðið þitt!“

Svalaði konungur ofsabræði sinni þegar í stað, brá sverðinu og svipti báðum úr svefni í dauða, fleygði því næst

hverju líkinu ofan á annað út um glugga ofan í gryfju eina, sem grafin var kringum höllina, og fór síðan eins og hann var kominn.

Þegar hann var kominn til föruneysis síns, bauð hann því að taka sig upp, en nefndi ekki á nafn við nokkurn mann, hvað í hafði skorizt. Urðu menn skjótbúnir og varla kominn dagur, þegar lestin fór af stað rneð bumbnahljóm og lúðraþyt og alls konar hljóðfæraslætti, svo að öllum varð skemmt nema konunginum. Hann gerðist þunglyndur út af ótryggð drottningar sinnar og rættist aldrei af honum alla ferðina.

Nálægt höfuðborg Indlands mætti hann Sjarjar soldáni; kom hann á móti honum með alla hirð sína og tók við honum báðum höndum. Stigu bræðurnir báðir af baki og féllust í faðma og fóru ekki á bak aftur fyrr en þeir höfðu sýnt hvor öðrum mikil vinnahót og ástúðleik; æpti ótölulegur manngrúi fagnaðarópi meðan þeir riðu til borgarinnar. Var hún hátíðlega skreytt eftir boði soldáns; er það siður við slík tækifæri í Austurlöndum, að kaupmenn setja fram til sýnis hinn fegursta varning, láta mála hús sín og tjalda yfir borgarstræti. Fylgdi soldán bróður sínum um borgina í höll eina, sem hann hafði ætlað honum. Var hún áföst við höll sjálfs hans og aldingarður á milli; var höllin þeim mun skrautlegri sem hún líka annars jafnaðarlega var höfð til hátíða og hirðskemmtana og nú nýlega prýdd með mestu viðhöfn. Skyldi Sjarjar þar við bróður sinn, svo að hann hefði tíma til að taka laugar og skipta um klæði; en er Sjasenan var búinn að því, fór hann til hans aftur. Settust þeir þá í legubekk, en hirðmennirnir stóðu á lengdar með lotningu; ræddu konungarnir þá margt, sem verða má, þegar tveir bræður, sem alúðarvinir eru, hittast eftir langvinnar fjarvistir. En er tími var kominn til kvöldverðar, borðuðu þeir saman og sátu á tali langt fram á nótt, þangað til Sjarjar fór, svo bróðir hans gæti hvílt sig.

Hafi nú harmur Sjasenans sefamt nokkuð við samfundi og viðurtal þeirra bræðranna, þá er hitt víst, að hann ýfðist á ný. Honum kom ekki dúr á auga þó hann legðist fyrir, því í stað svefnsins stríddu á hann beisklegar hugleiðingar út af ótryggð drottningarinnar. En er hann gat ekki sofnað, reis hann upp aftur og gaf nú hryggð sinni svo algerlega tauminn, að soldáni gat ekki dulizt um morguninn, hvað raunalegur og bleikur hann var í yfirbragði. Fór hann að velta fyrir sér, hvað valda mundi þessari hugsýki, og með því að hann gat ekki ásakað sjálfan sig um neitt, hvernig hann hefði tekið Samarkands-konunginum og farið með hann, þá hélt hann það kæmi til af fjarveru hans úr ríkjum sínum. Lét hann því daginn eftir fá honum nokkuð af gjöfum þeim, er honum voru ætlaðar og valdar voru af því, sem Indland á til dýrast og sjaldgæfast, svo að hann gæti farið heim til Samarkands, þegar honum litist. En allt fyrir það leitaðist hann við að hafa af fyrir honum með nýjum skemmtunum á degi hverjum.

Soldán sat nú á sér nokkra stund og stillti sig um að spyrja bróður sinn, hvað að honum gengi, þangað til hann segir einn dag: „Ég sé það, bróðir, hvað þú ert sárhryggur og bliknar upp dag frá degi.“ -

„Ég bý yfir stórri hugraun“, svarar hann, en skýrði soldáni ekkert frá því, sem hann hafði áskynja orðið um níðingskap drottningar sinnar.

Soldán hafði efnt til stórkostlegrar veiðifarar og bauð bróður sínum til hennar, en hann barði við heilsulasleik sínum og gekk soldán ekki frekara á hann um það, heldur lét hann gera sem honum líkaði. Fór því Sjarjar einn með hirð sinni að skemmta sér við veiðarnar, og sem hann var farinn, gekk Sjasenan til herbergis nokkurs, sem vissi út að aldingarðinum, og settist þar við glugga. Var hvergi huggunar von, ef ekki væri þar, því garðurinn var inndælisfagur og kvað við af kliði ótölulegs fuglagrúa í laufi

og forsælu trjáanna og runnanna. En hann leit varla við garðinum, heldur mændi augum til himins, biðjandi huggunar í raunum sínum.

Svo sturlaður sem hann var af harminum, þá duldist honum samt ekki eitt atvik og vakti það fljótt athygli hans; það lukust semsé skyndilega upp leynidyr á höll bróður hans og gengu þar út tuttugu konur og drottningin mitt á meðal þeirra; var hún auðþekkt á limaburði sínum. Hélt hún að konungurinn frá Samarkand hefði farið á veiðarnar líka, gekk því hvergi smeik inn undir gluggana, þar sem hann sat og var að horfa á alltsaman óséður. Sá hann þá að fylgidrósir drottningar, til þess að allt væri sem frjálslegast, tóku af sér andlitsblæjurnar og fóru úr hinum síðu klæðum, sem voru utan yfir stuttklæðunum og drógust á eftir. En hreint varð hann hissa, er hann sá tíu kolsvarta þræla í þessum söfnuði, þar sem hann hélt að væru tómar konur.

Hver þræll kaus sér lagskonu og drottningin sat ekki heldur hjá; hún skellti saman lófunum og kallaði: „Masúð! Masúð!“ og í sama vetfangi stökk svertingi einn ofan úr tré, hljóp í fangið á drottningu og vafði hana að sér með flýruskap. Eins gerði hitt fólkið hvað eftir annað og var þar með kjassi og blíðulátum fram á miðnætti; því næst baðaði það sig í stórri laugardæld, sem var einhver hin mesta þryði aldingarðsins, fór aftur í fötin og svo inn í höllina um leynidyrnar. En Masúð var kominn að utan yfir garðsvegginn og fór sama veg burt.

Af því nú að konungurinn frá Samarkand sá þetta með eigin augum, varð hann næsta hugsandi. „Það veit Allah“, segir hann við sjálfan sig, „að það var rangt af mér, að gera svo mikið úr óláni mínu; þetta liggur svo fyrir öllum einhvern tíma, fyrst soldáninn hann bróðir minn kemst ekki hjá því, sem er voldugastur konungur í heimi. En hvílikur aumingjaháttur er það, að láta þetta ganga svo nærri sér?“

Ég skal ekki gera mér lífið svo þungbært fyrir þetta slys, sem er svo almennt.“

Hann setti það ekki heldur stundu lengur fyrir sig, og lét nú bera á borð fyrir sig, því ekki vildi hann eta kvöldverð meðan að fram fór leikurinn fyrir utan gluggann hjá honum. Borðaði hann nú með betri lyst en nokkurn tíma fyrr, síðan hann fór frá Samarkand, og hlýddi jafnvel með ánægju á sönginn og hljóðfærasláttinn yfir borðum. Var hann í bezta skapi næstu dagana eftir þetta, og er hann heyrði, að soldán væri heim kominn, gekk hann á móti honum með glöðu yfirbragði og heilsaði honum.

Sjarjar tók ekki í fyrstu eftir þessum umskiptum og ætlaði að eins að kvarta yfir því við bróður sinn í allri vinsemd, að hann hefði ekki farið með sér á veiðarnar, lét hann því ekki ná að tala, en fór að segja honum, hvílíkan fjölda hann hefði drepð, bæði af hjörtum og öðrum dýrum og hvað vel hann hefði skemmt sér. Sjasenan hlýddi á með athygli og tók svo loksins sjálfur til máls; voru honum nú ekki skapþyngslin að meini og sagði hann margt kýmilegt og skrítið, því hann var vel fyrirkallaður.

Hafði soldán búizt við að hitta hann í sama skapi og þegar þeir kvöddust og varð sárfeginn að sjá hann svo glaðan. „Bróðir minn!“ segir hann, „þegar við skildum, varstu bleikur í andliti, en nú hefurðu fengið fullkominn heilbrigðislit. Guði sé lof fyrir þessa breytingu, sem orðið hefur í fjarveru minni. En einnar bænar verð ég að biðja þig og ég særi þig að veita mér hana.“

„Hvers ætti ég að synja þér“, segir konungurinn frá Samarkand, „þú átt yfir Sjasenan að segja; seg þú til, mér er ótt um að heyra bæn þína.“

„Alltaf meðan þú hefur dvalið hér við hirðina“, segir Sjarjar, „hefurðu verið þjáður af megnu þunglyndi og leitaðist ég við að hafa það af þér með allskonar skemmtunum. Ég gerði mér í grun, að þér félli þungt að

dvelja fjarvistum úr landi þínu og jafnframt mundu ástir valda nokkru og það væri aðalorsök trega þíns, að þú saknaðir drottningarinnar í Samarkand, því þú munt hafa kosið þér hana afbragðs fríða. Veit ég að vísu ekki, hvort ég á kollgátuna, en því hef ég ekki viljað ganga á þig, að ég var hræddur um að þér kynni að þykja fyrir. En nú sé ég, nýkominn heim frá veiðunum, að þú leikur við hvern þinn fingur og hef ég þó ekkert stuðlað til þess. Ég ætla því að biðja þig að segja mér, hvers vegna þú varst svo hryggur og ert það nú ekki framar.“

Konungurinn frá Samarkand þagði nokkra stund hugsandi, eins og hann vissi ekki, hverju svara skyldi; loksins tók hann þannig til orða: „Þú ert soldán minn og herra, en hlífðu mér við að gera grein fyrir þessu.“

„Nei, bróðir minn!“ svarar soldán, „þú verður að gera það nú þegar, það er ósk mín, þú mátt ekki neita mér um hana.“

„Jæja þá,“ segir Sjasenan, sem gat nú ekki lengur staðið af sér beiðni bróður síns; „verði þá þinn vilji!“

Því næst sagði hann honum frá ótryggð drottningarinnar í Samarkand og lauk svo sögunni: „Þetta olli þunglyndi mínu; var mér láandi þó ég bugaðist af því?“

„Skelfileg saga er þetta, bróðir minn!“ kallaði soldán upp og var auðheyrt að hann samhryggðist af hjarta. „Ég lofa þig fyrir refsinguna á þeim, sem glæpinn drýgðu og misgerðu svo stórlega við þig. Það ætti enginn að lá þér; það var aldrei nema maklegt og hefði ég líklega haft minni stillingu í þínum sporum; ég hefði ekki látið mér nægja líf einnar konu, og hefði ég ef til vill drepið þúsund til hefndar. Nú þykir mér engin furða þó illa lægi á þér, fyrst tildrögin voru svona sárgrætileg. Drottinn minn, hvílík forlög! ég trúi því ekki, að neinum hafi viljað slíkt ólán til, nema þér. En lofaður veri guð, að hann hefur sent þér huggun; mun hún

víst af einhverju góðu getin og ætla ég að biðja þig að trúa mér fyrir því líka.“

Var Sjasenan tregur til þess, því bróður hans var málið skylt, en varð þó að láta eftir þrábeiðni hans. „Ég hlýði, fyrst það er eindreginn vilji þinn,“ sagði hann, „en hræddur er ég um að auðsveipni mín geri þér enn meiri skapraun en mín var. En þú verður að eiga það upp á sjálfan þig, fyrst þú neyðir mig til að koma því upp, sem ég ella mundi leynt hafa með eilífri þagmælsku.“

„Þú gerir ekki annað en æsa forvitni mína,“ greip Sjarjar fram í, „segðu mér sem fljótast þetta launungarmál, hvornig svo sem það er.“

Konungurinn frá Samarkand gat nú ekki færzt lengur undan og sagði honum allt út í hörgul, sem hann hafði séð til svertingjanna dulklæddu og drottningarinnar og hans Masúðs í aldingarðinum og lauk hann sögunni með þessum orðum: „Þegar ég hafði verið sjónarvottur að þessari svívirðingu, sannfærðist ég um það, að allar konur hafa þessa tilhneigingu af náttúrunni og geta ekki staðið á móti henni. Fannst mér þá heimska að láta hugarró sína vera komna undir trúleika þeirra. Hugsaði ég mál þetta enn betur og varð sú niðurstaðan, að ég sá ekki annað vænna en að huggast; það var reyndar ekki tekið út með sældinni, en samt heppnaðist mér það og vildi ég að þú gerðir að mínu dæmi.“

Ekki leizt soldáni á heilræði þetta, heldur varð hann hamslaus og mælti: „Drottningin á Indlandi gat þá haft svo fúlan níðingsskap í frammi; nei, bróðir minn! ég trúi því ekki nema ég sjái það með mínum eigin augum; þér hefur missýnzt og þetta er svo mikið vandamál, að ég verð að ganga úr öllum skugga um það.“

„Hægast er það,“ segir Sjasenan, „þú þarft ekki annað en að búast til nýrrar veiðiferðar og þegar við erum komnir út úr borginni með hirð okkar og fylgdarliði, látum við

fyrirberast í tjöldum okkar, förum svo þegar náttu tekur einsamlir til herbergja minna í höllinni, og skal ég ábyrgjast, að þú næsta dag sér það, sem ég sá.“

Soldán féllst á vélræðið og bauð mönnum að búast til nýrrar veiðifarar; var á tilteknum tíma búið að tjalda á fyrirskipuðum tjaldstað. Daginn eftir fóru báðir konungarnir þangað út úr borginni með föruneyti sínu og voru þar um nóttina. Kallaði Sjarjar á stórvezírinn og bauð honum að vera í sinn stað, meðan hann væri í burtu, og sleppa engum manni úr tjöldunum, hvað sem fyrir væri borið, en ekkert lét hann uppi við hann um áform sitt. Stigu síðan báðir konungarnir á bak og riðu innan um tjöldin í dularbúningi heim í borgina. Fóru þeir síðan til hallarinnar, sem Sjasenan hafði til íbúðar, og lögðust þar til svefns; um morguninn lá vel á þeim og settust þeir við gluggann, þar sem Sjasenan hafði séð aðfarirnar í aldingarðinum. Sátu þeir þar góða stund í morgunkælunni og ræddust við; varð þeim oft litið á meðan til leynidyranna á höllinni.

Loksins lukust þær upp, og gekk út drottningin með ambáttum sínum og tíu svertingjum dulklæddum, rétt eins og í fyrra skiptið. Hún kallaði á Masúð og er óþarfi að orðlengja það frekara, að soldán sá meira en nóg til þess, að hann sannfærðist um svívirðingu sína og ólán.

„Guð minn!“ kallaði hann upp, „hvílikur níðingsskapur, hvílik andstyggð. Að drottning slíks konungs, sem ég er, skuli geta haft sig til slíkrar endemis óhæfu! Hver konungur getur talið sig fullsælan, þegar annað eins hefur drifið á daga hans? Bróðir minn, segjum skilið við veröldina, því öll æra og trú er þaðan horfin. Smjaðri hún á brjóst, þá svíkur hún á bak. Fyrirlátum ríki og konungdóm, köstum okkur á bak öllum hégóma, sem við lifum í, og förum í önnur lönd til þess að leyna sjálfum okkur og óláni okkar.“

Sjasenan geðjaðist reyndar ekki að áformi þessu, en þorði ekki í móti að mæla; svo var bróðir hans óður. „Ég veit engan vilja annan en þinn, bróðir!“ anzaði hann soldáninum, „og ég er reiðubúinn að fylgja þér í öllu. En lofaðu mér því að snúa heim á leið aftur, þegar við finnum einn, sem ólánessamari er en við.“

„Því lofa ég,“ segir soldán, „ég efast um að það heppnist.“

„Þá er ég annarrar trúar,“ segir konungurinn frá Samarkand, „og þurfum við, ef til vill, ekki að fara svo langt.“

Fóru þeir nú úr höllinni með leynd og voru að tala um þetta og fóru aðra leið en þeir voru komnir. Héldu þeir áfram meðan bjart var, og voru fyrstu nóttina undir trjám nokkrum. Stóðu þeir upp í aftureldingu og fóru eftir sama vegi, þangað til þeir komu á fagurt engi fram með sjávarströnd; stóðu þar stöku tré mikil og þéttlaufguð. Settust þeir niður undir einu þeirra og voru að tala saman um ótryggð drottninga sinna.

Höfðu þeir þar skamma stund setið, þegar þeir heyrðu af hafi, ekki allfjarri, óttalega skruðninga og hræðilegt öskur, og urðu þeir við það mjög felmtsfullir. Sjórinn kloffnaði í sundur og reis þar upp ógurlega stór strókur kolsvartur, og svo hár, að hann tók til himins. Við sjón þessa brá þeim enn meira og spruttu þeir þá upp og klifruðust upp í trétoppinn; leizt þeim þar vera bezt fylgsni. Varla voru þeir komnir upp þangað, þegar þeir sáu, að strókurinn færðist inn að landi eftir sjónum; gátu þeir ennþá ekki skynjað, hvers kyns var, en urðu þess brátt vísari, því þar var kominn einn af öndum þeim, sem fullir eru af ergi og skelmisskap, og eru svarnir óvinir mannanna. Var hann í líki óskaplegs risa, svartur og afskræmislegur og bar á höfðinu stóra glerkistu læsta með fjórum stállásunum. Fór hann með hana upp á engið og lagði

hana niður við tréð, sem báðir konungarnir höfðu falið sig í; þóttust þeir nú sjá sér opinn dauðann vísan.

Andinn settist hjá glerkistunni og er hann hafði lokið henni upp með fjórum lykllum, sem héngu við belti hans, þá kom upp úr henni hlaðbúin kona tignarleg í vexti og forkunnar fríð. Setti óvætturinn hana við hlið sér og tók til orða: „Ó, þú hin algjörvasta meðal allra kvenna, sem aðdánlegar þykja fyrir fríðleiks sakir, yndislega vera, þig strauk ég með á heiðursdegi þínum og hef síðan trúlega elskað; viltu lofa mér að sofa hjá þér ofurlitla stund?“

Að því mæltu drap andinn sínum tröllslega hausi niður í kjöltu konunnar og teygði úr sér sem hann var langur til, svo að fæturnir tóku ofan í sjávarmál, og rétt samstundis tók hann að hrjóta svo gríðarlega að allt ætlaði ofan að keyra.

Þá vildi svo til að konan fagra leit upp fyrir sig, og óðara en hún varð vör við báða bræðurna uppi í trénu, gerði hún þeim bendingu, að þeir mættu koma ofan, en skyldu fara sem hljóðlegast. Datt þeim heldur en ekki ketill í eld, er þeir sáu sig fundna; bentu því með bænarsvip, að þeir mættu vera kyrrir í fylgsninu.

En konan lagði höfuðið á andanum varlega niður á jörðina, stóð upp og mælti í hljóði, en þó reiðilega: „Komið þið ofan til mín; ekki er annað vænna.“

Þeir gerðu henni hræðslu sína skiljanlega með bendingum, en það hjálpaði ekki hót.

„Komið þið,“ sagði hún enn á ný, „og ef þið ekki gegnið þegar í stað, þá skal ég vekja hann sjálf og láta hann drepa ykkur.“

Þegar bræðurnir heyrðu þessi ógnunaryrði, þorðu þeir ekki annað en hlýða og renndu sér ofan sem gætilegast, svo andinn skyldi ekki vakna. En er þeir voru komnir ofan, leiddi konan þá við hönd sér á einn afvikinn stað undir trjánum; þar bauð hún þeim ástaratlot sín með blíðu, en er

þeir vildu ekki til leiðast, hótaði hún þeim á ný; sáu þeir ekki annað sýna en að gefa sig.

Þegar góð stund var liðin og hún ætlaði til andans aftur, heimtaði hún innsiglishringana af konungunum, sem þeir höfðu á hendinni, og er hún hafði tekið við þeim, tók hún upp úr skríni sínu snúru eina alsetta margvíslegum hringum og sýndi þeim og spurði, hvort þeir vissu, hvað hringarnir ættu að þýða.

„Nei,“ sögðu bræðurnir, „þú munt bezt geta leyst úr því sjálf.“

Þá mælti hún: „Allir þessir hringar eru af karlmönnum, sem hafa hjálpað mér til að leika á gætni og varhyggð þessa viðbjóðslega anda. Ég geymi hringana til menja og hérna eru þeir níutíu og átta, og það ég um hringana ykkar til að fylla hundraðið. Svona hefur mér tekizt að hafa samfarir við hundrað karlmenn og andinn ekki fengið aðgert. Má hann upp á það að gera, læsa mig niður í glerkistuna eins og honum líkar og hylja mig á mararbotni; aldrei hætti ég að fara í kringum hann. Af þessu getið þið séð fram á, að enginn kvongaður maður eða elskhugi þarf að hugsa til að tálma því, sem kvenmaður hefur tekið í sig. Karlmönnum væri nær að gefa kvenfólkinu lausari tauminn; þá kynni það heldur að lagast.“

Að svo mæltu smeygði konan hringunum upp á snúruna, settist í sitt fyrra sæti og hóf upp í kjöltu sína höfuðið á andanum, sem hraut í fasta svefni, en konungunum benti hún að hafa sig á burt.

Þeir fóru nú sama veg og þeir voru komnir, og er andinn og fallega konan voru komin í hvarf, mælti Sjarjar: „Nú, nú, bróðir! hvernig lízt þér á ævintýrið að tarna? Er hún ekki einstakt tryggðablóð, konan andans þess arna? Geturðu borið á móti því, að ekkert kemst til jafns við kvennavélar?“

„Það er nú mála sannast, bróðir minn!“ anzaði konungurinn frá Samarkand. „Þú verður líka að vera mér

samdóma um það,“ mælti soldán ennfremur, „að andinn er enn þá verr farinn og brjóstumkennanlegri en við. Höfum við nú fundið það, sem við leituðum að; látum okkur því halda heim í lönd okkar og þessa reynslu ekki aftra okkur frá nýju kvonfangi. Ég veit fyrir mig, hvernig ég skal fara að koma í veg fyrir tryggðarof við mig. Skal ég ekki eyða að því fleirum orðum, en þú munt spyrja það einhvern tíma og skal ég ábyrgjast, að þú gerir að mínu dæmi.“

Héldu þeir nú báðir heimleiðis og komu aftur á tjaldstaðinn að áliðinni nótt hins þriðja dags, síðan þeir fóru. En er koma soldáns spurðist, gengu hirðmennirnir fyrir tjald hans með morgunsárinu. Hann bauð þeim inn að ganga, fagnaði þeim venju betur og sæmði alla gjöfum. En er hann hafði kunngjört, að hann ætlaði ekki lengra að fara, bauð hann mönnum að stíga á bak, og hvarf í skyndi til hallar sinnar.

Þegar þangað var komið, flýtti hann sér til herbergis drottningarinnar, lét setja hana í fjötra og binda fyrir augu henni, fékk hana síðan vezírnum og skipaði honum að láta kyrkja hana. Hlýddi vezírin því og spurði ekki að, hvað hún hefði misgert; en soldán var svo óður, að hann lét sér ekki þetta nægja, heldur hjó hann sjálfur höfuðið af öllum hirðmeyjum drottningarinnar.

Af því hann nú þóttist sannfærður um, að engin kona væri skírlíf til, þá ásetti hann sér eftir þessa grimmilegu refsingu að kvongast þaðan í frá einungis til einnar nætur og koma í veg fyrir allan ótrúleik með því að láta kyrkja hverja konu morguninn eftir brúðkaupið. Hann sór þess dýran eið, að láta lög þessi ganga í gildi þegar kóngurinn frá Samarkand væri farinn; var þess ekki langt að bíða, að hann fór heim sæmdur hinum dýrustu gjöfum.

En er hann var farinn, bauð Sjarjar stórvezírnum að færa sér dóttur einhvers herforingja sinna, og skyldi hún verða kona hans. Vezírin hlýddi.

Morguninn eftir skilaði soldán honum henni aftur og skipaði honum að lífláta hana og leita upp aðra konu handa sér til næstu nætur. Hvað mikið sem vezírinn hryllti við að framkvæma slíkt boð, var honum samt nauðugur einn kostur að hlýða, því hann var soldáninum herra sínum um blinda hlýðni skyldugur. Færði hann honum því dóttur eins af hinum óæðri embættismönnum og hlaut hún sömuleiðis að deyja morguninn eftir. Því næst kom dóttir eins borgara, og hver dagurinn sá eina nýgifta og eina líflátna.

Þegar þessi guðlausa grimmd spurðist um höfuðborgina, urðu allir dauðhræddir og heyrðust ekki nema hljóð og harmalæti. Ýmist harmaði einhver faðirinn missi dóttur sinnar, eða ástrík móðir stundi af kvíða, að sama lægi fyrir dóttur sinni. Og þar kom, að allir þegnar soldáns bölvuðu honum, sem áður hafði hlotið tóma sæmd og sigur.

Nú átti stórvezírinn, sem var nauðugt verkfæri í hendi óréttvísinnar, tvær dætur; hét hin eldri Sjerasade, en hin yngri Dínarsade. Hafði hin yngri að vísu marga góða kosti til að bera, en hin var gædd þeirri hugprýði, sem fágæt er með konum, frábærum vitsmunum og aðdánlegri dómgreind. Hafði hún lesið margs konar bækur, fullar af sögum fyrri konunga og kynslóða og dregið að sér eitthvað þúsund bindi af þess kyns ritum og kvæðabókum. Hún orti betri vísur en þjóðfrægustu skáld á hennar tíma, hafði hún og stundað heimspeki og lækningar og heppnast vel. Auk þess var hún stálminninug og gleymdi engu, sem hún hafði lesið einu sinni; en óbifandi kvendyggð var eins og kóróna allra hennar afbragðs kosta.

Vezírinn unni þessari ágætu dóttur sinni hugástum. Það var einhverju sinni að hún sat á tali við hann og sagði: „Hvað kemur til þess, faðir minn, að þú ert orðinn svo umbreyttur, svo gugginn og sorgbitinn? Svo segir þó eitt af skáldunum okkar:

„Hugga þann sem hryggðin sker,
hún ei stendur lengi;
kvíðinn hverfull allt eins er,
og ánægjunnar gengi.“

Þá sagði vezírinn henni upp alla söguna af viðskiptum þeirra soldáns, en hún mælti:

„Faðir minn, ég ætla í allri auðmýkt að biðja þig, að veita mér mildilegast eina bæn.“

„Ég skal ekki synja þér hennar,“ segir vezírinn, en rétt og skynsamleg verður hún sjálfsagt að vera.“

„Hana þá, faðir minn“, segir hún, „gefðu mig soldáninum til eiginkonu; verð ég þá eitt af tvennu líflátin og frelsa svo að minnsta kosti dóttur einhvers rétttrúaðs manns frá dauða, eða mér verður lífs auðið og tekst að leysa allar aðrar undan grimmd hans.“

Vezírinn greip fram í óttasleginn: „Guð hjálpi mér, þú ert gengin frá vitinu barn! getur þú beðið mig að stofna þér í slíkan háska, þegar þú veizt, að soldáninn hefur svarið, að hafa enga konu nóttu lengur, heldur láta drepa þær að morgni í hvert skipti? Hefurðu gleymt því, hvað leitt getur af svo fjarskalegu flasi?“

„Faðir minn!“ anzaði hin veglynda mæ, ekki er ég í neinum vafa um háskann, en hitt er það, að ég hræðist hann ekki. Deyi ég, þá dey ég við sæmd, og hafi ég mitt fram, þá geri ég landi voru mikinn velgjörning.“

„Nei, nei,“ mælti vezírinn, „hvernig sem þú leitast við að fá mig til að fallast á það, að þú hleypir þér út í slíkan voða, þá er það ekki til neins, ég samþykki það aldrei. Ef soldán skipaði mér að reka hnífinn í hjarta þitt, yrði ég að hlýða. Hvílíkt skelfilegt verk er annað eins fyrir þann, sem er faðir! Þó þú sjálf ekki hræðist dauða þinn, þá hlífstu samt við að gera mér þá dauðans skapraun að flekka hendur mínar á blóði þínu.“

Allt fyrir þetta ítrekaði Sjerasade bæn sína og mælti þá vezírinn: „Þú eignir mig til reiði með þrái þínu. Því viltu hrapa viljandi í ógæfuna? Sá, sem ekki sér fyrir endann á háskalegri fyrirtekt, hann má vara sig, að hún verði honum ekki um megn. Ég er hræddur um, að það fari fyrir þér eins og asnanum, sem átti góða daga, en þoldi það ekki.“

„Og hvaða slys henti asnann? spurði Sjerasade.

„Nú skaltu heyra“, mælti vezírinn og sagði eftirfylgjandi dæmisögu:

Þúsund og ein nótt/Asninn, uxinn og bóndinn

„Einusinni var ríkur kaupmaður, sem átti fjölda jarða og hafði þar ógrynni af alls konar kvikfénaði. Flutti hann á eina af jörðum þessum með konu og börnum og ætlaði að standa þar fyrir búsjálfur. Hann skildi dýramál, en sá meinbugur var á gáfu þessari, að hann mátti engan láta vita af því, og lá líf hans við. Mátti hann því ekki segja frá neinu, sem hann komst að á þenna hátt.

Hann hafði á heimili sínu einn uxu og einn asna og stóðu þeir saman. Það var einn dag að hann var staddur nærri þeim og skemmti sér við að horfa á leik barna sinna; heyrir hann þá að uxinn segir við stallbróður sinn:

„Mikil lánskepna ert þú, að eiga svona náðugt og hafa svo lítið að gera. Einn maður er útgefinn við að stunda þig; hann þvær þig, færir þér sálðaða hafra og tærasta uppsprettuvatn. Þú reynir það mest á þig, að bera hann húsbónda okkar, þegar hann þarf að bregða sér bæjarleið; annars þyrftirðu aldrei að gera neitt. En ég er látinn erja og sveitast, strita og streitast, og ég á eins illt og þú átt gott. Óðara en miðnætti kemur, er mér beitt fyrir plóginn; verð ég að draga hann liðlangan daginn og rista jarðveginn, og er það þvílíkt strit, að ég verð stundum alveg uppgefinn og magnþrota. Þar á ofan er bóndinn jafnt og stöðugt á eftir mér, lýr og lemur mig. Svírin á mér er drepmeiddur og skinnlaus af eilífum plógdrætti. Þegar ég nú er búinn að þræla frá morgni til kvölds, þá snara þeir í mig skrápurru baunarusli og hafa ekki einu sinni svo mikið við, að vinza úr því sandinn, eða þeir gefa mér eitthvert fóður, sem ekki er

betra. Þegar ég hef fengið fylli mína af þessu hrakfóðri, þá verð ég að liggja í mykjunni á næturnar, og er það yfirtak hörmunganna. Nú sérðu sjálfur hvort ég hef ekki ástæðu til að öfunda þig.“

Asninn hlýddi á með spekt, meðan uxinn lét dæluna ganga, en er hann var þagnaður, tók hann svo til orða: „Það er hvorttveggja að þú ert heimskur kallaður, enda kafnarðu ekki undir nafni. Þú ert allt of einfaldur, lætur þá fara með þig eins og þeim líkar og getur aldrei tekið neitt hyggilegt til bragðs. Hvað hefur þú gott af svívirðingunni, sem þú þolir? Þú brýtur þig í mola fyrir mennina, þeim til hægðarleika, gagns og skemmtunar og þeir kunna þér engar þakkir fyrir. Þeir færðu ekki svona með þig, ef þú hefðir áræði að því skapi, sem þú hefur burði. Því verðu þeim ekki að binda þig við jötuna? Því stangarðu ekki með hornunum? Því stapparðu ekki með klaufunum og sýnir af þér reiði? Því hræðirðu þá ekki með ógurlegu öskri? Náttúran hefur útbúið þig með öllum tækjum til að afla þér virðingar og þú notar þér það ekki. Gefi þeir þér vondar baunir og slæmt hey, þá fýlðu grön yfir því. Ef þú fer að mínum ráðum, muntu sjá að vel bregður við, og muntu þakka mér fyrir heilræðin.“

Uxinn tók ráðum asnans feginshendi og kvað hann hafa gert sér mikinn greiða. „Ég ætla“, segir hann, „að gera allt, sem þú hefur sagt, og skaltu nú sjá, hvernig mér tekst.“

Því næst þögnuðu þeir báðir, en kaupmaðurinn hafði heyrt hvert orð, sem þeir töluðu saman.

Daginn eftir kom bóndinn, leiddi uxann út úr húsi og beitti honum fyrir plóginn eins og vant var. Uxinn hafði ekki gleymt ráði asnans og var þenna dag fjarska óþekkur. En um kvöldið, þegar bóndinn kom með hann að jötunni og ætlaði að binda hann eftir vanda, þá otaði hann hornunum, reis upp á afturfæturna, gekk aftur á bak og gerði sig

líklegan til að reka bóndann undir, í fám orðum, hann fór í öllu að ráðum asnans.

Þegar bóndinn kom morguninn eftir og ætlaði að beita honum fyrir plóginn, lágu baunirnar ósnertar í jötunni og hálmurinn, sem hann hafði hrist þar niður kvöldið áður, en uxinn lá á gólfinu og blés mæðilega, svo bóndinn hugði hann fárveikan. Hann kenndi í brjósti um uxann og þóttist sjá, að ekki mundi til neins að þröngva honum til vinnu, fór því til kaupmannsins og sagði honum, hvernig ástatt var.

Skildi kaupmaðurinn, að hér voru komin fram ráð asnans og vildi því refsast honum sem maklegt var; skipaði hann bóndanum að hafa nú asnann í stað uxans og gefa honum ekkert. Bóndinn gerði svo og varð asninn að draga plóginn daglangt; féll honum það því þyngra sem hann var slíku óvanur, og varð hann svo lúinn og lé magna, að hann varla gat staðið á löppunum; þegar heim kom.

En uxinn átti beztu daga á meðan; hann hafði lokið úr jötunni og hvílt sig allan daginn. Var hann ákaflega glaður yfir því, að hann skildi hafa farið að ráðum asnans, margblessaði hann fyrir lán það, er hann hafði hjálpað honum til að öðlast og þakkaði honum fyrir, er hann kom heim.

Var þá asnanum svo gramt í geði út af meðferðinni á sér, að hann ansaði engu. „Þetta ólán á ég upp á sjálfan mig,“ hugsaði hann með sér, „ég átti svo gott og allt gekk mér að óskum. Ég hef sjálfur komið mér í þetta hörmulega ástand og mér er dauðinn vís, ef ég ekki tek eitthvað til bragðs, sem dugar.“ Var hann þá svo yfirkomin af þreytu, að hann hné hálfdaður niður fyrir framan jötuna.

„Þú fer að eins og asninn sá arna“, segir vezírinn við Sjerasade, „þú stofnar þér í glötunina af ofviti þínu. Hlýddu mér og vertu kyrr. Sækstu ekki eftir dauða þínum yfir forlög fram.“

„Faðir minn!“ mælti Sjerasade, „dæmisagan, sem þú sagðir mér, aftrar alls ekki ásetningi mínum. Ég læt aldrei af að særa þig, þangað til þú lætur eftir mér, að fara með mig til soldánsins, að ég verði eiginkona hans.“

Þegar vezírin sá að hún stóð svo fast á bæn sinni, mælti hann: „Fyrst þú þverskallast svona með þrái þínu og einþykkni, þá neyðist ég til að fara með þig eins og kaupmaðurinn, sem ég var að tala um, fór eftir á með konuna sína. Því þegar hann komst að því, að asninn var aumlega útleikinn, varð honum forvitni á að heyra, hvernig orð færu milli hans og uxans. Gekk hann því eftir kvöldverð út með konu sinni í tunglskininu og settist niður rétt hjá þeim.

Þegar hann kom, segir asninn við uxann: „Heyrðu, bróðir! hvað ætlaðu að gera í fyrra málið, þegar bóndinn kemur með gjöfina?“

Uxinn svaraði: „Þá ætla ég að fara öldungis eins að og þú kenndir mér ráð til. Ég ætla að ganga aftur á bak, bjóða honum hornin eins og í gær, gera mér upp veiki og láta sem ég sé í andarslitrunum.“

„Slepptu því,“ segir asninn, „það færi alveg með þig. Þegar ég kom heim í kvöld, heyrði ég kaupmanninn, húsbónda okkar, segja nokkuð, sem gerði mig dauðhræddan um þig.“

„Hvað heyrðirðu?“ spurði uxinn áfjáður, „leyndu mig engu, asni minn góður!“

„Heyrðu þá“, segir asninn, „húsbóndi okkar sagði við bóndann: „Fyrst uxinn étur ekki og kemst ekki úr sporunum, þá skal slátra honum á morgun. Kjötið af honum gefum við aumingjum í guðs þakka skyni, en á húðinni þurfum við sjálfir að halda og skaltu fara með hana til sútarans. Gleymdu nú ekki að segja slátraranum að koma.“

Mér er sjálfum annt um að þú lifir, og við erum svo góðir vinir, að það væri ekki meira en skylt, að ég gerði þig varan

við og gæfi þér nýtt ráð. Þegar þeir færa þér baunirnar og muslið, skaltu spretta upp og rífa það í þig með græðgi; þá ræður húsbóndinn af því, að þér sé batnað og mun þá vafalaust taka dauðadóminn aftur; gerirðu ekki þetta, þá ertu frá.“

Asninn hafði allt sitt fram með fortölum þessum; uxinn varð dauðhræddur og baulaði af angist. En kaupmaður, sem hlýtt hafði með athygli á allt samtalið, rak upp skellihlátur, svo konan hans vissi ekki, hvaðan á sig stóð veðrið.

Hún spurði, hvernig á hlátrinum stæði, til þess að hún gæti tekið undir með manni sínum, en kaupmaður lét hana skilja, að hún yrði að láta það vera sér nóg, að heyra hann hlæja.

„Nei, nei,“ sagði hún, „ég vil vita, að hverju þú hlær.“

„Ég má ekki láta það eftir þér“, sagði kaupmaður, „en svo mikið skal ég þó segja þér, að ég hlæ að því, sem asninn okkar sagði við uxann; hitt er launungarmál, sem ég má ekki gera þér uppskált.“

„Og því ætli þú megir það ekki?“ segir konan.

„Því líf mitt liggur við, ef ég geri það“, anzar kaupmaðurinn.

„Þú ert að gera gabb að mér,“ mælti konan; „það getur engin hæfa verið í því, sem þú ert að telja mér trú um. Ef þú ekki lætur uppi þegar í stað, að hverju þú hlóst, og skorast undan að segja mér, hvað asninn og uxinn töluðu saman, þá viti það guð almáttugur á himnum, að ég segi allri sambúð slitið við þig.“

Að svo mæltu fór hún inn, hnipraði sig saman út í horni og var hágrátandi alla nóttina.

Svaf nú maðurinn einn, en er hann sá um morguninn að hún var óhuggandi, sagði hann: „Þú gerir illa við mig, að hryggjast svona; það er ekki þess vert og það er eins lítilsvarðandi fyrir þig að vita, eins og það er mikilsvarðandi

fyrir mig að leyndarmálið. Ég bið þig fyrir hvern mun: gleymdu því.“

En konan svaraði: „Því fer svo fjarri, að ég geti gleymt því, að ég skal aldrei hætta að gráta fyrr en þú seður forvitni mína.“

En kaupmaðurinn sór og sárt við lagði: „Ég segi þér það satt: líf mitt liggur við, ef ég læt undan áfergjuskapnum í þér.“

„Hljótist af því hvað sem guð vill“, sagði hún, „ég fer aldrei ofan af því.“

„Ég sé það,“ mælti kaupmaður, „að engin leið er að því að koma fyrir þig vitinu; ég sé það fyrir, að þú vilt drepa þig með þrákelkni þinni; vil ég því kalla á börn þín, að þau hafi þá hugfró að sjá þig einu sinni áður en þú deyr.“

Kallaði hann þá á börnin og frændur og foreldra konu sinnar. En er allir voru komnir og hann hafði sagt þeim frá öllum málavöxtum, lögðu þeir sig til að tala sem snjallast, svo konunni skildist, að hún gerði rangt, að láta ekki af einþykkni sinni. En hún daufheyrðist við öllu og kvaðst heldur vilja deyja en láta undan manni sínum í þessu. Stoðaði það ekkert að foreldrar hennar töldu um fyrir henni og sögðu að þetta stæði henni á engu, sem hún vildi vita; hún vildi hvorki heyra það, né hlýða. Þegar börnin sáu að hún þverskallaðist við öllum skynsamlegum fortölum, tóku þau að gráta beisklega.

Og sjálfur kaupmaðurinn var eins og milli heims og helju. Hann settist einsamall fram í húsdyrnar og fór að velta fyrir sér, hvort hann ætti ekki að fórna sínu eigin lífi til að frelsa konu sína. Og sannarlega ætlaði hann að senda eftir „kadi“ (dómara) og vottum til að semja erfðaskrá sína, segja síðan konu sinni leyndarmálið og deyja, því hann unni henni harðla mjög.

Nú átti kaupmaður þessi líka fimmtíu hænur, einn hana og einn árvakran hund. Meðan hann sat þarna í dyrunum

hugsandi, sá hann hundinn hlaupa til hanans, sem setzt hafði upp á eina hænuna, og heyrði að hann sagði við hann:

„Hani minn! ég held þú sért feigur: skammastu þín ekki að vera að gamna þér í dag?“

Haninn réttist allur upp, snerist að hundinum og sagði: „Því skyldi mér ekki vera það eins heimilt í dag og endranær?“

„Þá skaltu vita,“ segir hundurinn, „ef þú veizt það ekki áður, að húsbóndi okkar er í mestu vandræðum. Konan hans heimtar, að hann segi sér eitt leyndarmál; geri hann það, verður það hans bani. Því er, satt að segja, helzt kvíðandi, að hann hafi ekki nógan stöðugleika móti þrái hennar, því hann elskar hana og viknar af tárunum, sem hún úthellir án afláts. Það fer með hann á endanum, og við erum öll kvíðafull á heimilinu; þú einn ósæmir okkar sorg og ert svo blygðunarlaus að vera að leika dátt við hænurnar þínar.“

„Guð veit, að húsbóndi okkar er meira en meðalheimskur“, þannig svaraði haninn átölum hundsins, „hann hefur einungis eina konu og ræður ekki við hana, en ég hef fimmtíu, og gerir engin annað en minn vilja. Hann ætti nú að hugsa sig um, þá mundi hann fjótt finna ráð til að komast úr þessum bobba.“

„Hvað lízt þér hann eigi að gera?“ spurði hundurinn.

„Hann ætti“, segir haninn, „að binda sér hrísvönd og fara inn í herbergi konu sinnar, loka að sér og lemja hana þangað til hún drepst, eða lætur undan. Hún mun ekki upp frá því þína hann til að segja sér það, sem hann á að leynd.“

Varla hafði kaupmaðurinn heyrt hvað haninn sagði fyrr en hann þaut upp, tók stafprik og gekk inn til konu sinnar, sem alltaf var að gráta. Hann lokaði að þeim og lúbarði hana þangað til hún kallaði upp og sagði:

„Það er nóg, elskan mín! það er nóg, vertu nú góður, ég skal aldrei framar spyrja þig um neitt.“

Þegar hann heyrði að hún iðraðist eftir hina ofsalegu forvitni, hætti hann að lemja hana og lauk upp. Kom þá allt skyldfólkið inn og gladdist yfir því að konunni var bötnuð einþykkinn og samfagnaði kaupmanninum, að hann hafði tekið upp á slíku heillaráði, til að koma henni til sannleikans viðurkenningar.

En þú, dóttir mín, ættir skilið, að ég færi með þig eins og kaupmaðurinn fór með konuna sína.“

„Fyrirgefðu mér, faðir minn,“ sagði Sjerasade, „fyrirgefðu mér og vertu ekki vondur, þó ég sé fastráðin í fyrirætlun minni? Mér hefur ekki snúizt hugur af sögunni, sem þú sagðir mér um konuna. Ég gæti sagt þér margar aftur, svo að þú sannfærðist um, að þú átt ekki að vera áformi mínu mótfallinn. Það segi ég þér líka - og bið þig fyrirgefa - að þér er til einskis, að standa á móti því, því synjirðu mér um bæn mína af föðurlegri elsku, þá mun ég sjálf framselja mig í hendur soldánsins.“

Vezírnum var nauðugur einn kostur að láta undan stöðugleika dóttur sinnar. Þó honum dauðsárnaði, að geta ekki talið hana af þessu óttalega áformi, þá fór hann samt að vörmu spori til Sjarjars og sagði honum, að hann ætlaði að færa honum Sjerasade til næstu nætur.

Varð soldán forviða, að stórvezír sinn skyldi færa sér slíka fórn og sagði: „Hvernig gaztu fengið þér geð til að færa mér þína eigin dóttur?“

„Herra!“ svaraði vezírinn, „það er vilji hennar sjálfrar; hin hryggilegu afdrif, sem hún á yfir höfði sér, hafa ekki hrætt hana frá því, og betri þykir henni sú sæmd en lífið sjálft, að vera eiginkona yðar hátignar, þó ekki sé nema eina nótt.“

„En huggaðu þig bara ekki við neina svikula von, vezír!“ mælti soldán; „þegar ég fæ þér Sjerasade aftur á morgun, heimta ég, að þú líflátir hana. Gerirðu það ekki, þá sver ég að láta drepa þig sjálfan.“

„Herra!“ svaraði vezírinn, „blæða mun hjarta mínu, þegar ég á að hlýðnast skipun þinni, en hvað sem náttúran möglar í móti, þá máttu samt treysta þessum höndum, þó föðurhendur séu.“

Sjarjar tók boði ráðgjafa síns og skipaði honum að færa sér dóttur sína hið bráðasta. Fór vezírinn heim aftur með þessi tíðindi til Sjarasade, en hún tók þeim svo glaðlega, sem væru þetta hin mestu gleðitíðindi. Þakkaði hún föður sínum, að honum hefði svo vel farizt; var hann yfirkominn af harmi, en hún huggaði hann með því, að hann þyrfti ekki að iðrast þess, að hún yrði drottning soldáns og væri honum nær að fagna því alla ævi.

Hugsaði hún nú ekki um annað en að búast á fund soldáns; en áður hún færi af stað, tók hún Dínarsade, systur sína á eintal og mælti: „Elsku systir, mér liggur lífið á fulltingi þínu og ætla ég að biðja þig að synja mér þess ekki. Faðir minn færir mig soldáni til eiginkonu; láttu samt ekki hugfallast af þessari frétt, heldur heyrðu mig með stillingu. Þegar ég er komin til soldánsins, mun ég biðja hann leyfis, að þú sofir í hvílusal okkar, svo ég megi hafa skemmtun af þér þessa nótt. Verði mér þessi miskunn sýnd, sem ég vona, vektu mig þá snemma morguns, einni stundu fyrir birting og segðu: „Elsku systir! ef þú ert vakandi, þá ætla ég að biðja þig að segja mér einhverja af fallegu sögunum, sem þú kannt, þangað til dagur er. Mun ég þá undir eins gera það, og er ég vongóð um, að mér takist með þessu móti að létta á þjóðinni þeirri angist, sem nú er yfir henni.“

Dínarsade kvaðst fús til hvers, sem vera skyldi.

En að ákveðinni stund um kvöldið fór stórvezírinn með Sjarasade til hallarinnar, leiddi hana í herbergi soldáns og gekk síðan burt. En er hún og soldán voru tvö ein, bauð hann henni að taka blæjuna frá andlitinu; þótti honum hún